

## GLG-2017-02 Brú yfir í borgina

Umsækjandi er Rannveig Vilhjálmisdóttir, ábúandi á Borgum. Markmið verkefnisins er að útbúa brú frá Borgum Grímsey yfir í klettasyllu (Borgina) sem er aðeins í um 100 metra frá landi. Útbúa þar útsýnispall þar sem fólk kemst í gríðarlega nálægð við fuglinn sem þar býr. Einnig að nýta þessa miklu matarkistu sem Grímsey er með því að bjóða upp á mat sem unnin verður úr hráefni úr eyjunni. Sótt er um styrk til þess að láta vinna undirbúnings- og hönnunarvinnu auk ferðakostnaðar vegna þess. Einnig er sótt um styrk til þess að byrja á jarðvegsframkvæmdum.

Þetta verkefni er í góðu samræmi við þau tækifæri (SVÓT greininguna) sem unnin hefur verið fyrir Grímsey og er í samræmi við markmið 3.6. um að ferðaþjónusta í Grímsey verði eflid og markmið 1.3. um að frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft.

Verkefninu var úthlutað 1.150.000 kr.- árið 2017.